

Alþingi

Erindi nr. P 119/45

komudagur 2.16.1995

## Greinargerð um GATT og kartöflur.

### I. Inngangur

Með greinargerð þessari eru skýrð áhrif á gildistöku GATT samninga sérstaklega er varðar kartöflur. Það er ljóst að íslenskir kartöfluframleiðendur munu fara illa út úr þessum tillögum. Það er jafnvel mat manna að kartöflurækt sem slak á Íslandi er í uppnámi og ákveðinn ótti að hún muni dragast verulega saman þar sem aðgangur innflutnings er alltof rúmur.

### II. Innihald GATT samningsins er varðar kartöflur

Fyrir Alþingi liggur fyrir tillögur um tollverndun á kartöflum samfara gildistöku GATT samninga. Þar er gert ráð fyrir 30% tolli og 59 kr/kg í tollvernd sem lækkar hlutfallslega næstu árin og endar í kr 50 á kg árið 2000. Jafnframt er gert ráð fyrir allt að 270 tonna innflutningi á 40% tolli sem eykst í 450 tonn í lok tímabilsins. Hér er gert ráð fyrir innanlandsneyslu upp á 9000 tonn á ári.

### III. Áhrif GATT samningsins á innlenda kartöfluframleiðslu

#### a) Tollaígildið kr 59 á kíló

Þetta tollaígildi fyrir kartöflur er alltof lágt. Heildsöluverð íslenskra kartafna í dag er frá bilinu 80-125 kr. Þann 1. júlí n.k. er áætlað að erlent CIF verð gæti numið um 25-30 kr á kíló, og jafnvel lægra. Með 30% tolli og 59 kr tollaígildisvernd gæti kostnaðarverð numið 91 til 98 kr á kíló sem er lágt verð miðað við heildsöluverðið. Verndunin er því engin. Krónutalan er alltof lág hún þyrfti að vera að lágmarki 100 kr til þess að einhver verndun sé í samningnum. Íslenskir kartöflubændur geta alls ekki keppt við þennan innflutning.

#### b) Hvað skeður 1. júlí n.k.

Það er ljóst að þann 1. júlí n.k. verða fluttar inn nýjar erlendar kartöflur. Verndunin er enginn og íslenskir kartöfluframleiðendur sem hafa átt mjög erfiðan vetur munu líklega ekki geta selt kartöflur sínar. Leiða má líkur að því að þeir þurfi að henda restinni af uppskeru frá síðasta hausti. Þetta er mjög alvarlegt mál gagnvart framleiðendum enda ljóst að þeir munu fara mjög illa út úr samkeppninni við innflutninginn strax á fyrsta degi.

c) Neysla

Innanlandsneysla á kartöflum 1988, sem er viðmiðunarár samningsins, gerir ráð fyrir 9000 tn neyslu á ári. Neyslan er í raun mun minni. Neyslan í dag er talin vera um 500 tn á mánuði eða 6000 tn á ári. Hægt er að ganga úr skugga um þetta með að skoða innflutningstölur fyrir árin 1993 og 1994, en þá voru fluttar inn kartöflur frá tímabilinu Apríl til Ágúst. Markaðsaðgangur á lágum tollum (40%) ætti því að vera 180 tn í byrjun og í lok tímabils 300 tonn.

d) Framkvæmd tollkvóta sem skylt er að leyfa innflutning á

Innflutningur 3-5% af innanlandsneyslu sem skylt er að leyfa innflutning á er mikið magn. Óæskilegt er að það magn komi inn sem matarkartöflur. Verðmunurinn er það mikill að það truflar markaðinn verðlega séð. Flutt er inn verulegt magn á hverju ári til iðnaðarframleiðslu s.s. framleiðslu franskra kartaflna og snakks. Nauðsynlegt er að það magn sem skylt er að flytja inn fari til slíkrar framleiðslu, en alls ekki á matarkartöflumarkaðinn. Einnig er nauðsynlegt að framkvæmd með þessum innflutningi verði þannig hátt að hlutfall af sjóðagjaldaskilum ráði hvernig honum verði ráðstafað til innflutningsaðila. Það að nota hlutkesti við ráðstöfun magnsins er óraunhæft þar sem sá sem hann hreppir gæti matað krókinn eflaust á óeðlilegan hátt. Önnur tillaga í ráðstöfun þessa magns mætti hugsa sér með að bjóða hæstbjóðanda þenna "kvóta" til kaups.

Niðurlag

Það er mikill ótti hjá framleiðendum vegna þessara samninga. Kartöfluræktun á Íslandi er í húfi. Leiða má verulegar líkur á því að hún kann að leggjast niður að stórum hluta. Í húfi er afkoma bænda í þessari grein og fjölskyldna þeirra. Alþingismenn verða að gera sér grein fyrir þessum staðreyndum og breyta í meðförðum þingsins þessum tillögum þannig að bændur geti haldið höfði og ræktað kartöflur á Íslandi í eðlilegri samkeppni við innflutning.

Dags 30.5.1995